

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2010.

#### 1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB), sem vísað er til á eftir 39. lið í IV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2011, frá 1. apríl 2011, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IV. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2010 frá 2. september 2010 um setningu viðmiðunarreglna er varða jöfnunargreiðslur milli flutningskerfisstjóra og sameiginlega nálgun við reglusetningu um gjalddöku fyrir flutning.

#### 2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2010 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 22/2011, 14. apríl 2011, bls. 1.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2011 er birt í viðauka við reglugerð þessa.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 45. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 28. apríl 2011.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Þórður Reynisson.*

## VIÐAUKI

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 7/2011

frá 1. apríl 2011

## um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2011 frá 11. febrúar 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2010 frá 2. september 2010 um setningu viðmiðunarreglna er varða jöfnunargreiðslur milli flutningskerfisstjóra og sameiginlega nálgun við reglusetningu um gjaldtöku fyrir flutning <sup>(2)</sup>.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir 39. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 643/2009) í IV. viðauka við samninginn:

- „40. **32010 R 0774:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2010 frá 2. september 2010 um setningu viðmiðunarreglna er varða jöfnunargreiðslur milli flutningskerfisstjóra og sameiginlega nálgun við reglusetningu um gjaldtöku fyrir flutning (Stjútíð. ESB L 233, 3.9.2010, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi bætist við 3. gr.:  
„Að því er varðar EFTA-ríkin skal reglugerðin falla úr gildi þegar reglugerð (ESB) nr. 838/2010 öðlast gildi í EES-samningnum“.
- b) Fyrsti málslíður í 3. lið í B-hluta viðaukans hljóði svo:  
„Virði árlegs meðalflutningsgjalds, sem framleiðendur greiða, skal vera á bilinu 0 til 0,5 EUR/MWh, nema það sem gildir í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Noregi, Rúmeníu, Írlandi, Bretlandi og Norður-Írlandi.“
- c) Annar málslíður í 3. lið í B-hluta viðaukans hljóði svo:  
„Virði árlegs meðalflutningsgjalds, sem framleiðendur í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi greiða, skal vera á bilinu 0 til 1,2 EUR/MWh.““

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 774/2010, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(3)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 93, 7.4.2011, bls. 31, og EES-viðbætur nr. 19, 7.4.2011, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 233, 3.9.2010, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. apríl 2011